

Nr. 16.
15.
oktbr.

Konungleg auglýsing

um

að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjærvist konungs.

Vjer Christian hinn Niundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Låenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: þaræð Vjer höfum í hyggju að ferðast til útlanda, viljum Vjer, samkvæmt 1. grein í lögum 11. febr. 1871, um ríkisstjórn, þegar svo stendur á, að konungur ekki er orðinn fulltíða, eða er sjúkur eða fjærverandi, að ríkisstjórn í fjærvist Vorri sje falin á hendur ríkisarfanum.

Því birtum Vjer hjermeð Vorum kæru og trúu þegnum, að sonur Vor elskulegur, hans konunglega tign, krónprinz Christian Frederik Vilhelm Carl, tekur við ríkisstjórn í Voru nafni frá 15. þ. m. þangað til Vjer komum heim aptur.

Gefið á Amalþuborg, 15. oktbr. 1889.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. B. S. Estrup.

Allerhøjeste RundgjørelseNr. 16.
15de
Oktbr.

angaaende

Overdragelse af Regjeringens Førelse under Kongens Fraværelse til
Thronfølgeren.

Vi Christian den Niende, af Guds Raade Konge til Danmark,
de Benders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Da Vi staa i Begreb med at foretage en Rejse til Udlandet, ville Vi i Henhold til § 1 i Loven af 11te Februar 1871 om Regjeringens Førelse i Tilfælde af Kongens Umyndighed, Sygdom eller Fraværelse, have Regjeringens Førelse under Vor Fraværelse overdraget til Thronfølgeren.

Thi kundgjøre Vi herved for Vore kjære og tro Undersaatter, at Vor højtelskede Søn, Hans Kongelige Højhed Kronprinds Christian Frederik Vilhelm Carl, fra den 15de d. M. indtil Vor Hjemkomst overtager Regjeringens Førelse i Vort Navn.

Givet paa Amalienborg, den 15de Oktober 1889.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

J. B. S. Estrup.